

# Kennsluáætlun í smíðum skólaárið 2023-2024

## 5. - 7. bekkur

**Kennari: Viktor Páll Magnússon**

Verkgreinakennsla í Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá. Áherslurnar fyrir smíðar eru handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Enn fremur leitast þau við að mæta áherslupáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnispætti.

Ekki er unnið með einn þátt í einu heldur skarast þessir þættir í flestum verkefnum. Hæfniviðmið/markmið eru tilgreind í upphafi hvers verkefnis eða lotu.

### **Kennsluaðferðir:**

Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera smíðar að áhugaverðu og lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans. Nokkur þemaverkefni eru yfir skólaárið.

**Námsmat:** Námsmatið tengist lykillæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni. Matskvarði fyrir metanleg hæfniviðmið er; Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Matsviðmið fyrir 8. - 10. bekk eru A,B+,B,C+,C,D

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

## Handverk

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.
- Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.

### Leiðir að markmiðum:

- Samtöl og einföld fyrirmæli í kennslustund.
- Verkefni sem reyna á þessa þætti.
- Sýnikennsla.

## Hönnun og tækni

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferðir sem hæfa verkefnum.
- Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.
- Lýst hvernig tækni birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu.
- Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.

### Leiðir að markmiðum

- Samtöl og fyrirmæli í kennslustund.
- Verkefni sem reyna á þessa þætti.
- Sýnikennsla.

## Umhverfi

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

- Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.
- Gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra.
- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.

### Leiðir að markmiðum

- Samtöl og fyrirmæli í kennslustund.
- Verkefni sem reyna á þessa þætti.
- Sýnikennsla